

Föstudaginn 23. marz 1934.

Nr. 5/1934. **Árni S. Böðvarsson**

gegn

**Brynjólfi Stefánssyni, f. h. Sjóvá-
tryggingarfélags Íslands h/f, Helga
Nikulássyni og Sig. Sveinbjörnssyni**

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árni S. Böðvarsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til rikissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Mánudaginn 9. apríl 1934.

Nr. 148/1933. **Borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjar-
sjóðs** (Guðm. Ólafsson)

gegn

Magnúsi Jónssyni (Enginn).

Útsvarsmál. Staðfestingardómur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. jan. 1933: Stefnður, Magnús Jónsson, greiði stefnandanum, borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, kr. 1200,00 ásamt $\frac{1}{2}\%$ dráttarvöxtum á mánuði af kr. 600,00 frá 1. maí 1928 til 1. sept s. á. og af allri upphæðinni frá þeim degi til greiðsludags og kr. 75,00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 9. jan. f. á. var stefndi í máli þessu, Magnús Jónsson prófessor juris, dæmdur til að greiða borgarstjóra Reykja-

vikur, f. h. bæjarsjóðs, vangoldið útsvar frá árinu 1928 að upphæð kr. 1200, með $\frac{1}{2}\%$ dráttarvöxtum á mánuði af 600 kr. frá 1. maí 1928 til 1. sept. s. á. og af allri upphæðinni frá þeim degi til 1. jan. 1932, en 1% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og ennfremur 75 kr. í málskostnað.

Eftir að stefndi, prófessor Magnús Jónsson, hafði áfrýjað dómi þessum til hæstaréttar með stefnu dags. 11. febr. f. á. og því máli verið vísað frá réttinum með dómi 1. nóv. f. á., hefir nú borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs áfrýjað ofangreindum dómi með stefnu dags. 22. dez. f. á., og verður að skilja dómkröfu hans hér fyrir réttinum þannig, að hann krefjist staðfestingar á dóminum og málskostnaðar í hæstarétti. Var mál þetta þingfest í hæstarétti 28. febr. þ. á. og þá mætt í því af hálfu stefnda og því frestað til 14. f. m., og er málið þá aftur kom fyrir réttinn var enn mætt af hálfu stefnda og því frestað til 21. s. m., en er það þá skyldi flutt mætti stefndi eigi og enginn hans vegna. Hefir það því verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32— og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Í stefnunni er þess getið, að málinu sé áfrýjað samkvæmt áfrýjunarleyfi. Hefir það verið lagt fram í málinu og er það dagsett 23. dez. f. á. eða degi síðar en áfrýjunarstefnan er gefin út. En þetta getur eigi valdið frávisun málsins ex officio þegar af þeirri ástæðu, að jafnframt hefir verið lagt fram bréf dómsmálaráðuneytisins dags. 13. f. m., þar sem skýrt er frá því, að ráðuneytið hafi tilkynnt áfrýjanda sama dag og stefnan var gefin út, að áfrýjunarleyfið mundi verða veitt.

Og að öðru leyti eru engir þeir gallar á meðferð málsins, er útiloki það, að staðfestingarkrafa áfrýjanda verið tekin til greina og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Og þar sem stefndi svo sem áður segir hafði áfrýjað dóminum til breytingar og með því gefið áfrýjanda nokkra ástæðu til að áfrýja til staðfestingar, þá þykir einnig rétt að dæma hann til að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 200 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur staðfestist. Stefndi, prófessor Magnús Jónsson, greiði áfrýjanda, borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 8. marz f. á., af borgarstjóranum í Reykjavík, f. h. bæjarins, gegn Magnúsi Jónssyni, prófessor juris, til greiðslu útsvars fyrir árið 1928 að upphæð kr. 1200,00 ásamt $\frac{1}{2}\%$ dráttarvöxtum á mánuði af helming þess, kr. 600,00 frá 1. maí 1928 til 1. sept. s. á. og af allri upphæðinni frá þeim degi til 1. jan. 1932, en 1% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt þess eðlilega, að málinu væri vísað frá dómi. Til vara hefir hann krafizt sýknu og málskostnaðar hvernig sem málið fer.

Frávisunarkröfuna byggir stefndur í fyrsta lagi á því, að lögheimili hans og varnarþing séu austur í Árnessýslu, en ekki hér í bænum og sé því algerlega óheimilt að reka mál út af hinni umstefndu kröfu hér.

Stefnandi hefir hinsvegar haldið því fram, að dvöl stefnds hér í bænum sé þann veg háttað, að hann verði að teljast heimilisfastur hér og sé því mál þetta réttilega höfðað fyrir bæjarþinginu.

Það er vitanlegt, enda in confesso í málinu, að stefndur hefir fasta atvinnu hér sem prófessor í lögum við Háskóla Íslands, og verður vegna þessarar atvinnu sinnar að dvelja hér í bænum að minnsta kosti ca. 9 mánuði ársins. Þá kemur það og fram að stefndur muni hafa leigða hér íbúð allan ársins hring og nokkur hluti fjölskyldu hans dvelst hér allmikinn hluta ársins. Þykir því verða að fallast á það hjá stefnanda, að stefndur megi teljast búsettur hér, þannig að heimilt sé að stefna honum til að svara til sakar hér fyrir bæjarþinginu og verður því greind frávisunarástæða stefnds ekki tekin til greina.

Í öðru lagi hefir stefndur krafizt frávisunar málsins á peim grundvelli, að sáttakæran sé ólöglega birt óviðkomandi konu. En þar sem stefnan er birt í húsi því, sem stefndur býr í, hér í bænum, fyrir konu, sem á heima í þessu sama húsi og ekki er upplýst, að aðrir þeir, sem fyrst skal birta stefnu eftir 9. gr. laga um stefnubirtingar nr. 63 frá 14. nóv. 1917 hafi verið viðstaddir er stefnubirtingin fór fram, verður ekki séð, að henni hafi í nokkru verið ábótavant, enda sótti stefndur sáttafund og hefir því þessi frávisunarástæða stefnds ekki við rök að styðjast, sbr. og 10. gr. áðurgreindra laga.

Þá hefir stefndur enn byggt frávisunarkröfuna á því, að komizt hafi á utanréttarsætt milli sín og stefnanda um að mál þetta skyldi hafið og útvarskrafan falla niður gegn ákveðnum skilyrðum, sem hann telur sig hafa fullnægt að öllu leyti. Til vara hefir stefndur notað þetta sem sýknuástæðu. En gegn mótmælum stefnanda hefir stefndur ekki sannað, að samningar hafi tekizt um að hefja mál þetta eða að utanréttarsætt hafi komizt á um hina umstefndu skuld og verður því þessi varnarástæða stefnds heldur ekki tekin til greina.

Enn hefir stefndur krafizt sýknu af þeirri ástæðu. að útsvar það er stefnt er til greiðslu á hafi verið ranglega lagt á hann hér, þar sem hann hafi ekki átt lögheimili í bænum er útsvarið var á lagt og því ekki verið hér útsvarsskyldur. En þó svo yrði litið á að hann hefði verið heim-

ilisfastur hér er útsvarið var á lagt, þá eigi hann að losna við að greiða það hér, sbr. d lið 8. gr. útsvarslaganna nr. 46 frá 15. júní 1926, sökum þess, að hann hafi greitt útsvar í heimilissveit sinni í Árnessýslu fyrir árið 1928 og gert kröfu um það, að vera felldur af skrá hér, en ekki komi til mála að hann sé útsvarsskyldur á tveim stöðum.

Stefnandi hefir nú haldið því fram, að dvöl stefnds og fjölskyldu hans hér í bænum, svo og atvinna hans hér, hafi verið eins háttað á þeim tíma, sem hið umstefnda útsvar var á lagt og nú, en frá þeim atriðum er greint hér að framan og hefir stefndur ekki mótmælt þessari staðhæfingu sérstaklega. Við þetta bætist að upplýst er í málinu, að stefndur er ásamt fjölskyldu sinni talinn til heimilis í Hafnarstræti 8, hér í bænum á manntali 1926 og 1927 án nokkurra athugasemda. Verður því ekki annað séð en umrætt útsvar hafi réttilega verið lagt á stefndan hér, sbr. 8. gr. 1. málsg. útsvarslaganna. Þá hefir stefndur ekki gegn mótmælum stefnanda lagt fram nokkur gögn fyrir því, að honum hafi verið gert að greiða útsvar fyrir umrætt ár annarsstaðar en hér í bænum og sést þá ekki að hann eigi heimtingu á að vera felldur af skrá hér. Úrslit málsins verða því samkvæmt framansögðu þau hér fyrir réttinum, að stefndur verður dæmdur til þess að greiða hina umstefndu útsvarsupphæð með dráttarvöxtum eins og krafist hefir verið svo og málskostnað, er ákveðist 75 krónur með tilliti til þess, að upphaflega fylgdi lögtaksréttur hinni umstefndu skuld, og stefnandi hefir með því að nota hann ekki bakað sér að nokkru leyti sjálfur kostnaðinn við málshöfðun þessa